

**Lög**Nr. 23  
22. nóv.

um

heimild handa landsstjórninni til þess að verja fje úr landssjóði  
til viðhalds Ölfusárbrúnni.

**Vjer Christian hinn Tiundi**, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta,  
hertogi í Sljesvik, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenborg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau  
með samþykki Voru:

1. gr.

Landsstjórninni skal heimilt að greiða  $\frac{2}{3}$  hluta af fje því, sem varið  
verður að þessu sinni til viðgerðar brúnni á Ölfusá í Árnessýslu.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

**Gefið á Amaliuborg 22. nóvember 1918.**

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Sigurður Jónsson.*